

Fyrsti fundur hverfisráðs Grímseyjar, 10. janúar 2012, kl. 14.00.

Fundurinn var haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins í Grímsey. Mætt voru Sigurður Ingi Bjarnason, Sigrún Þorláksdóttir, Jóhannes Henningsson.

1. Kosning formanns og ritara

Nýtt hverfisráð var kosið á aðalafundi/almennum íbúafundi 29. nóvember 2011 og er þetta fyrsti fundur ráðsins. Sigurður Ingi Bjarnason var kosinn formaður og Sigrún Þorláksdóttir ritari.

2. Bann við svartfuglaveiðum

Hverfisráð mótmælir harðlega fyrirhuguðu banni á svartfuglaveiðum og óskum við eftir stuðningi bæjastjórnar Akureyrar í því máli þar sem við vitum að stóraukning er á öllum þessum fuglategundum hér í eyjunni frá ári til árs. Við teljum þetta algera rökleysu og komum ekki til með að framfylgja þessu banni gangi það í gegn.

3. Byggðakvóti

Við erum afar ósátt við hvað byggðakvótinn til Grímseyinga er smánarlega lítill miðað við aðra staði á landinu og sjáum ekki hvers við eigum að gjalda í þeim málum. Er skoðun okkar sú að eitt eigi að ganga yfir alla.

Fundi slitið klukkan 15.00

Sigurður Ingi Bjarnason

Sigrún Þorláksdóttir

Jóhannes Gísli Henningsson